

Prítugasti og annar fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 31. ágúst 2017 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Már Karlsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð. Rúnar Bragi Guðlaugsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna.

- a. Kristín Helgadóttir f.h. KFC ehf. sækir um starfsleyfi fyrir endurnýjun á starfsleyfi fyrir rekstri veitingastaðar KFC að Háholti 9 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli þann 12. júlí 2017.
„Staðfest.“
- b. Einar Tönsberg f.h. Kjósinn ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri samkomusalar með móttökueldhúsi í Félagsgarði í Kjós. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli þann 12. júlí 2017.
„Staðfest.“
- c. Jónas Albertsson sækir um starfsleyfi fyrir iðnaðarbil að Flugumýri 16b Mosfellsbæ þar sem fer fram viðhald eigin tækja og véla.
„Samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum til 12 ára.“
- d. Helgi Hróðmarsson f.h. Skálatúns sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Skálatúni í Mosfellsbæ, búsetu og dagþjónustu.
„Samþykkt með hliðsjón af reglugerð um hollustuhætti með starfsleyfisskilyrðum fyrir sambýli til 12 ára.“
- e. Ístak hf. sækir um breytingar á starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir að Bugðuflijóti 21c í Mosfellsbæ. Um er að ræða aukningu á gistirými um 44. Fjöldi gistirýma yrði þá 110.
„Samþykkt með hliðsjón af reglugerð um hollustuhætti með starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsmannabúðir til 4 ára.“
- f. Ragnar Þórarinsson f.h. Prima ehf. sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs og förgunar á fasteignunum 206-7104, 206-7105, 206-7107 og 206-7108 á lóðinni Bygggarðar 5, landnúmer 117094, á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út til 1 mánaðar af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar um starfsleyfi nr. 785/1999.
„Staðfest.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- g. *Þorsteinn Auðunn Pétursson* sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs og förgunar á fasteignunum 206-7110 á lóðinni Bygggarðar 7, landnúmer 117096, á Seltjarnarnesi.
„*Samþykkt með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðiseftirlits fyrir tímabundin atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.*“
- h. Matflugl ehf. sækir um markaðs- og götusöluleyfi vegna sölu á elduðum kjúklingi laugardaginn 26. ágúst milli kl 12-17.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 25. ágúst 2017.
„*Staðfest.*“
- i. Ísflugl ehf. sækir um markaðs- og götusöluleyfi vegna sölu á elduðum kjúklingi laugardaginn 26. ágúst milli kl 12-17.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 21. ágúst 2017.
„*Staðfest.*“
- j. Páll Baldvin Sveinsson fh. Veitna ohf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hitaveitu að *Reykjum* í Mosfellsbæ.
„*Samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum til 12 ára.*“
- k. Páll Baldvin Sveinsson fh. Veitna ohf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hitaveitu að *Reykjahlið* í Mosfellsbæ.
„*Samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum til 12 ára.*“
- l. Hilmar Jónsson fh. Veitna ohf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir *Aðveitustöð 9 við Dælustöðvarveg* í Mosfellsbæ.
„*Samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum til 12 ára.*“

2. Umsagnir fyrir veitinga, gististaði og flugeldasýningar.

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 29. júní 2017 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Kjósín ehf. veitingastað í flokki II tegund samkomusalur að Félagsgarði í Kjós.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 12. júlí 2017.
„*Staðfest.*“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 10. júlí 2017 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Gustav Einarsson fyrir rekstri gististaðar í flokki II tegund minna gistiheimili að Eiðismýri 20 á Seltjarnarnesi.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 2. ágúst 2017.
„*Staðfest.*“
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 4. ágúst 2017 þar sem óskað er umsagnar um áfengisveitingaleyfi til handa Aftureldingu vegna dansleiks í tengslum við bæjarhátíðina „Í túninu heima“ þann 26. ágúst 2017 milli kl 12 og 04.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 21. ágúst 2017.
„*Staðfest.*“

3. Umsagnir um skipulagsmál.

a. Deiliskipulag Langahrygg, Mosfellsdal.

- Lagður fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsett 5. júlí 2017. Þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um ofangreint deiliskipulag.
- Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Langahrygg í Mosfellsdal frá maí 2017 unnin af Péttri H. Jónssyni arkitekt F.A.Í, ásamt skýringaruppdrætti af deiliskipulagssvæðinu á Langahrygg frá júní 2017.
- Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um deiliskipulagstillögunu, dagsett 5. júlí 2017.

b. Deiliskipulag Eilífsdal, Kjósarhreppi.

- Lagður fram tölvupóstur byggingafulltrúa Kjósarhrepps dagsett 15. ágúst 2017 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um ofangreint deiliskipulag.
- Lögð fram tillaga að deiliskipulagi í landi Eilífsdals í Kjósarhreppi. Greinargerð dagsett 24. maí 2017 unnin af Heiðu Aðalsteinsdóttur arkitekt F.A.Í, ásamt deiliskipulagsuppdrætti dagsettur 5. júlí 2017.
- Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um deiliskipulagstillögu í landi Eilífsdals í Kjós dagsett 15. ágúst 2017.

c. Hugsanleg efnistaka í Hrossadal, Mosfellsbæ.

Heilbrigðisnefnd fjallaði áður um málið á fundi 9. febrúar 2017.

- Lagt fram erindi Mannvits til Skipulagsstofnunar dagsett 30. júní 2017 þar sem spurt er um málsmeðferð.
- Svar sviðstjóra Skipulagsstofnunar til Mannvits dagsett 13. júlí 2017.
- Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um hugsanlega námu í Hrossadal dagsett 15. ágúst 2017.

4. Mál í meðferð hjá heilbrigðiseftirlitinu.

a. Mál nr. 6868 er varðar hund sem beit konu.

Heilbrigðisnefnd var upplýst um stöðu mála.

b. Mengun í Varmá í Mosfellsbæ.

Heilbrigðisnefnd var upplýst um stöðu mála.

c. Hanar að Reykjahvoli 5 í Mosfellsbæ.

Heilbrigðisnefnd var upplýst um stöðu mála.

d. Fráveita að Tjaldanesi – dagsektir.

Lagt fram erindi Gunnars Atla Gunnarssonar lögfræðings sem barst í tölvupósti þann 31. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir frekari fresti til að ljúka framkvæmdum og að ekki verði lagðar á frekari dagsektir.

„Heilbrigðisnefnd fellst ekki á að fella niður dagsektir þar sem úrbætur hafa ekki farið fram samkvæmt úrbótaáætlun Fylkis ehf. Áfallnar dagsektir verða sendar í innheimtu.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

5. Önnur mál.

- a. Starfsmannaviðtal við framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt starfsmati fór fram í Ráðhúsinu í Reykjavík þann 30. ágúst 2017.
- b. Fundur með Matvælastofnun verður haldinn þann 5. september 2017 á Selfossi, sama dag fer fram aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitsvæða á Íslandi.
- c. Mengun í Faxaskjóli var rædd.

Fundi var slitið kl. 19:30.